



# Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala

## 1.tbl. 2023

Útgefandi: Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala  
Ritstjórn: Eygló Ingadóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri  
Yfirlestur: Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri  
Myndir: Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala og fleiri

Þetta fréttabréf hjúkrunar fjallar um starfsemi fagráða í hjúkrun og ljósmóðurfræði við Landspítala veturinn 2022 til 2023, en fagráðin eru mynduð utan um sérgreinar innan fagsins og eru samstarfsvettvangur spítalans og Hjúkrunarfræðideildar HÍ.

Þrettán fagráð í hjúkrun og ljósmóðurfræði starfa nú á Landspítala en meginhlutverk þeirra að móta stefnu um rannsóknir, kennslu og þróun innan hjúkrunar og ljósmóðurfræði.

Markmiðið með útgáfu fréttabréfsins er að tryggja aðgengilegar upplýsingar um þessa öflugu starfsemi fagráða í hjúkrun og ljósmóðurfræði á Landspítala frá ári til árs.

## Fagráð barnahjúkrunar

Stjórn fagráðs barnahjúkrunar fundaði reglulega á starfsárinu og hélt einnig fjóra almenna fundi á sviðinu. Á þeim var m.a. fjallað um verkefnisáætlun fagráðsins, hæfniviðmið í hjúkrun og yfirfærslu frá barnaþjónustu og yfir í fullorðins. Einnig var haldið [sameiginlegt málþing](#) nú í maí með fagdeild barnahjúkrunar hjá Fih, en þar voru m.a. kynnt þróunarverkefni og meistaraverkefni í barnahjúkrun.

Unnið er m.a. að þessum rannsóknum á sviðinu:

- Þróun og prófun á tölvukennsluleik til að undirbúa börn fyrir svæfingu. Brynja Ingadóttir, Karítas Gunnarsdóttir, Anna Ólafía Sigurðardóttir og Berglind Brynjólfsdóttir.
- Árangur af hjúkrunarstýrðri þjónustu fyrir börn með hægðatregðu og foreldra þeirra. Bergljót Steinsdóttir, Anna Ólafía Sigurðardóttir og Erla Kolbrún Svavarsdóttir.

Ritverk – vísindagreinar í ritrýndum erlendum tímaritum á starfsárinu:

- Hylén, M., Nilsson, S., Kristensson-Hallström, I., Kristjánsdóttir, G., Stenström, P., Vilhjálmsson, R. (2022). Access to health care perceived by parents caring for their child at home supported by eHealth—a directed approach introducing aperture. *BMC Health Serv Res*, 22, 1008. <https://doi.org/10.1186/s12913-022-08398-0>.
- Ingadóttir B., Laitonen E., Stefansdóttir A., Sigurdardóttir, A. O., Brynjólfsdóttir B., Parisod H, Nyman J, Gunnarsdóttir K, Jónsdóttir K., Salanterä S., Pakarinen A. (2022). Developing a Health Game to Prepare Preschool Children for Anesthesia: Formative Study Using a Child-Centered Approach. *JMIR Serious Games*, 2022 Jan 20;10(1),e31471. <https://doi: 10.2196/31471>.
- Sollerhed, AC, Olesen, L., Soini, A., Sääkslahti, A., Kristjansdóttir, G., Vilhjálmsson, R., Fjørtoft, I., Larsen, R., Ekberg, JE. & Froberg, K. (2022). Movement and physical activity in early childhood education and care in the Nordic countries. *European Journal of Public Health*, 32(Suppl 2), ii62. <https://doi.org/10.1093/eurpub/ckac095.003>.

Ritverk – vísindagreinar í ritrýndum innlendum tímaritum:

- Theja Lankathilaka, Sigríður María Atladóttir og Guðrún Kristjánsdóttir (2022). PIPP-R verkjamat hjá fyrirburum og veikum nýburum, prófun á íslenskri þýðingu. *Ljósmæðrablaðið*, 100(1), 92-101.

- Henný Björk Birgisdóttir, Sigríður Árna Gísladóttir og Guðrún Kristjánsdóttir (2022). Áhrif gjörgæslulegu barns á líðan foreldra – framskyggn ferilsrannsókn á Landspítala á árunum 2017-2019. *Tímarit Hjúkrunarfræðinga*, 98(3), 76-84.

Svana Katla Þorsteinsdóttir kláraði meistaranám í bráðahjúkrun barna nú í vor. Rannsóknin hennar fjallaði um höfuðáverka barna: Lýsandi rannsókn á nýgengi, komum, orsökum og ferli sjúklinga innan Landspítala á árunum 2010 til 2021.

Stjórn fagráðs barnahjúkrunar 2022-2023 skipa dr. Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í kvenna- og barnaþjónustu, Henný Hraunfjörð MS, deildarstjóri Rjóðri formaður, Karitas Gunnarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, 20D bráðamóttöku barna, Fanný B. Miller Jóhannsdóttir MS, vökudeild, Oddný Kristinsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun barnadeild, Kristín Björg Flygenring, sérfræðingur í hjúkrun, göngudeild barna og Kristín Inga Grímsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, göngudeild BUGL.

Starfs- og verkefnaáætlun fagráðs í barnahjúkrun má sjá á meðfylgjandi mynd.

Fagráð barnahjúkrunar á Landspítala – Starfs/verkefnisáætlun 2022-2024

Verkefni	Markmið	Tímafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)
<b>Öryggismenning (atvik, lyfjaöryggi, örugg samskipti og yfirfærsla ábyrgðar, skráning o.fl.)</b>			
1 Klínísk þekking/færni/hæfni sem byggir á gagnreyndum starfsháttum	Viðhalda klínískri þekkingu til að fara á milli deilda til stuðnings í bráðum aðstæðum. Námskeið í boði, hvatning og stuðningur að sækja (dæmi: EPILS).	2022-2023	Elin Ögmundsdóttir, Henný Hraunfjörð, Karitas Gunnarsdóttir
2 Öryggisvakning vikunnar og Öryggisvakning vikunnar á Vökudeild	Hefja úttekt á árangri á deildum/ starfseiningum. Skoða mögulegar leiðir og aðferðir. Nýta atvikaskráningu. Útkomubreytur (skoða).	2022-2023	Elin Ögmundsdóttir, Sigríður M. Atladóttir Ásamt reynsluboltum
3 Árangurs- og gæðavísar í barnaþjónustu	Gæðastaðlar Landspítala Kynna og skoða mögulega leiðir til innleiðingar gæðastaðla á deildum/starfseiningum	2022-2024	Fulltrúar í fagráði barnahjúkrunar Fulltrúar frá deildum/ skipulagseiningum
Verkefni	Markmið	Tímafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)
<b>Mannauður (hæfni, starfsþróun, nám og kennsla, sérhæfð fræðsla og þjálfun, o.fl.)</b>			
1 Tilfellafundur í hjúkrun	Setja upp verklag og form	2022-2024	Guðrún Kristjánsdóttir
2 Innleiðing sérhæfðra hæfniviðmiða	Prófa/prófa notkun 1-2 viðmið í hverjum hæfniflokki (5 hæfniflokkar) fyrir nýliða/nýráðna	2022-2023	(Margrét Ó. Thorlacius fulltrúi aðgerðasviðs) Fulltrúar fagráðs Deildir
3 LMS kennsluefni	Flokka efni sem er til (yfirlit) Greina þörf fyrir efni	2022-2024	Karitas Gunnarsdóttir Fulltrúar fagráðs
4 Sérfræðingar í hjúkrun og starfsleyfi	Fjúgga sérfræðingsstöðum með hlíðsjón af þarfagreiningu	2022-2027	Elisabet Konráðsdóttir Oddný Kristinsdóttir Guðrún Kristjánsdóttir Deildarstjórar allra barnadeilda
5 Faghópar innan fagráðs barnahjúkrunar	Meta hvaða faghópar er þörf fyrir Greina og meta þörf, útfæra haust 2022	2022-2024	Stjórn fagráðs Deildarstjórar Fagráðið barnahjúkrunar
Verkefni	Markmið	Tímafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)
<b>Þjónusta (þátttaka sjúklinga í meðferð, menningarhæf hjúkrun, fjölskylduhjúkrun o.fl.)</b>			
1 Barnasáttmálinn	Aukin þátttaka barna í sinni eigin hjúkrun	2022-2025	Guðrún Kristjánsdóttir
2 Farsældarlög	Sambætting þjónustu í þágu barna	2022-2025	Henný Hraunfjörð
3 Þróá rafræn samskipti/ dagbók - Heilsugátt	Skilgreina þarfir eftir deildum og undirbúa hönnun	2022-	Guðrún Kristjánsdóttir fulltrúar deilda/starfseininga
Verkefni	Markmið	Tímafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)
<b>Stöðugar umbætur (rannsóknir, verkferlar, gæðastarf, gæðarannsóknir, innleiðingar)</b>			
1 Kynning á verklagsreglum og vinnuleiðbeiningum	Fagráðsfundur vettvangur kynninga fyrir útgefin gæðaskjöl, ný gæðaskjöl, gæðaskjöl í vinnslu	2022 og árlega	Fulltrúar deilda/starfseininga sem vinna að gerð verklags- og vinnuleiðbeininga í barnaþjónustu (í samvinnu við gæðastjóra)
2 Rannsóknir í barnaþjónustu	Fagráðsfundur vettvangur kynninga á rannsóknum í barnaþjónustu (yfirlit yfir rannsóknir í barnaþjónustu)	2022 og árlega	Guðrún Kristjánsdóttir Anna S. Ólafsdóttir
3 Gæðastarf og gæðaverkefni (Gæðastefna Landspítala)	Fagráðsfundur vettvangur kynninga á gæðastarfi í barnaþjónustu (yfirlit yfir gæðaverkefni í barnaþjónustu)	2022 og árlega	Stjórn fagráðs heldur utanum
4 Málþing	Haldið að vori 2023 (undirbúningur fyrir vorið 2023)	2022-2023	Stjórn fagráðs barnahjúkrunar og fulltrúar fagráðsins
Verkefni	Markmið	Tímafmörkun	Ábyrgð á verkefni (umsjón)
<b>Annað</b>			
1			
2			

## Fagráð í bráðahjúkrun

Fagráð í bráðahjúkrun heldur utan um fræðsludagskrá fyrir hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, aðstoðarmenn og hjúkrunarnema á bráðamóttöku. Fræðsla hjúkrunarfræðinga fer eftir skilgreindum hæfniviðmiðum, ýmist með fræðsludögum, yfirferð efnis í Focal hæfnistjórnunarkerfinu eða með klínískri kennslu. Einnig hefur mikið fræðsluefni verið aðgengilegt á rafræna námsumsjónarkerfinu. Haldin voru námskeið fyrir verðandi vaktstjóra og Triage hjúkrunarfræðinga. Eins sækja hjúkrunarfræðingar á viðeigandi hæfnistigum ILS, ALS og önnur sérhæfð námskeið utan deildar. Stór eiturefnaæfing var haldin á deildinni í maí.

Fulltrúi úr fagráðinu hefur átt sæti í útboðshópi vegna hæfnistjórnunarkerfis fyrir Landspítala og byggir þar á reynslu frá 2017 við útfærslu hæfniviðmiða í bráðahjúkrun.

Vika bráðahjúkrunar var haldin í nóvember. Þar var m.a. lögð áhersla á að kynna unga hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á bráðamóttöku og þeirra störf með kynningarmyndböndum. Hér má sjá kynningarnar: [Vala Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur](#), [Hildur Kristín Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur](#), [Neil Kenneth Rosento sjúkraliði](#), [Prúður Bryndísardóttir hjúkrunarfræðingur](#) og [Vala Wium hjúkrunarfræðingur](#).

Í samvinnu við Fagdeild bráðahjúkrunarfræðinga var farið í kynnisferð til Landhelgisgæslunnar þar sem hópurinn fræddist um björgunarstörf og sjúkraflutninga þeirra auk þess að fá innsýn í starfsaðstæður og búnað Landhelgisgæslunnar.

Hjúkrunarfræðingar bráðamóttöku sóttu ýmsar ráðstefnur innanlands og erlendis. Hópur bráðahjúkrunarfræðinga fór á *pre-conference* námskeið í áverkameðferð á EUSEM ráðstefnunni í Berlín í október.

Bráðahjúkrunarfræðingar voru m.a. með erindi á þessum ráðstefnum:

- EUGMS (Evrópusamtök öldrunarlækna) í London september 2022: Dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, var með boðserindi og tók þátt í pallborðsumræðum um eldra fólk á bráðamóttökum.
- [ENDA](#) (evrópusamtök hjúkrunarstjórnenda) á Selfossi í september 15.-17. sept. Dóra Björnsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Helga Pálmadóttir deildarstjóri, Ingibjörg Sigurþórsdóttir sérfræðingur og Ragna María Ragnarsdóttir deildarstjóri voru allar með innlegg.
- [EUSEM](#) með EuSEN samvinnu í Berlín í október. Hjördís Kristinsdóttir deildarstjóri og Dóra Björnsdóttir sérfræðingur í hjúkrun voru með erindi um kennslu á bráðamóttöku (sjá mynd). Yousef Tamimi bráðahjúkrunarfræðingur birti niðurstöður MS verkefnis síns um gjöf neyðarblóðs á bráðamóttöku með veggspjaldi.
- [Bráðadagurinn 2023](#) átti góða fulltrúa bráðahjúkrunarfræðinga.
- Norræn hjartaráðstefna ([NBCC](#)) 7.-10.júní 2023 – Þórdís Edda Hjartardóttir hjúkrunarfræðingur var með erindi um móttöku einstaklinga með brjóstverk.
- [ESNO](#) Brussel 8.-9. Júní – Hjördís Kristinsdóttir deildarstjóri, Ingibjörg Sigurþórsdóttir sérfræðingur í hjúkrun og dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir voru með erindi um hæfnistjórnun, BÖR-hjúkrunarfræðinga og rannsóknir í bráðahjúkrun.



Vorið 2023 tóku meðlimir fagráðs þátt í að leiðbeina þremur hjúkrunarnemum við BS verkefni og einum við MS verkefni í bráðahjúkrun við Háskóla Íslands. Fjölluðu verkefnin um [alvarlega höfuðáverka á bráðamóttöku](#), [dvalartíma aldraðra](#) og [hjúkrun sjúklunga í ketónblóðsýringu og flæðispennudái](#).

Fagráðið fundar einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og ýmis málefni eru tekin fyrir á fundum auk ofangreindra, svo sem:

- Sífelld mat á stöðu hjúkrunar á bráðamóttöku, meðal annars í samvinnu við gæðastjóra.
- Flæði sjúklunga um bráðamóttöku og samvinna við hlutaðeigandi deildir og stofnanir.
- Fræðsla, kennsla og móttaka nýliða á bráðamóttöku – hæfniviðmið í bráðahjúkrun.
- Klínísk kennsla hjúkrunarnema, þátttaka og kennsla í BS og MS verkefnum í hjúkrunarfræði.
- Þátttaka í vinnuhópum og nefndum.

Stjórn fagráðs í bráðahjúkrun 2022-2023 skipa Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun og deildarstjóri, Ingibjörg Sigurbórsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun, Dóra Björnsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun, Kristín Halla Marinósdóttir, bráðahjúkrunarfræðingur, Sigrún Guðný Pétursdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun (skipuð frá áramótum), Sólveig Wium, aðstoðardeildarstjóri og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, formaður og forstöðumaður fræðasviðs í bráðahjúkrun.



Þjálfun



Heimsókn til Landhelgisgæslunnar

## Fagráð hjartahjúkrunar

Fagráð hjartahjúkrunar sem og stjórnin fundaði reglulega í vetur auk þess sem haldnir hafa verið tveir vinnudagar.

Í vetur hafa fundir og vinna fagráðs fyrst og fremst falið í gerð sérhæfða hæfniviðmiða, námskrár, fjölbreyttum umbóta, gæða- og þróunarverkefnum og þátttöku í þróun göngudeilda. Viðamesta verkefni

vetrarins fólst þó í vinnu vegna undirbúnings [Nordic Baltic hjartaráðstefunnar](#) sem haldin var dagana 8.-10. júní 2023 í Hörpu. Fagráð í samvinnu við fagdeild hjarta-hjúkrunarfræðinga skipulagði metnaðarfulla hjúkrunardagskrá með fjölda erlendra og innlendra fyrirlesara. Efni erinda var mjög fjölbreytt, t.d. um árangur þjónustuforma, brjóstverkjamóttökur, gáttatif, áhættuþætti, forsvarnir, fjarþjónustu og fleira. Lykil fyrirlesarar voru þau Dr. Jeroen Hendriks RN, MSc, PhD sem er vel þekktur fyrir rannsóknir sínar og þróun hjúkrunarþjónustu og hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir framlag sitt til hjartahjúkrunar og Shirley Ingram, RANP, RGN, MSc, sem hefur verið brautryðjandi í þróun brjóstverkjamóttaka í Dublin og hlaut nýlega viðurkenningu fyrir forystu sína í þróun brjóstverkjamóttöku utan spítala. Ráðstefnan var vel sótt af um 130 hjúkrunarfræðingum og mikil ánægja var með dagskrána og þau ómetanlegu tækifæri til skoðanaskipta og samvinnu sem ráðstefnan skapaði.

Ánægjulegt er að sérfræðingum í hjartahjúkrun hefur fjölgað þar sem Hildur Rut Albertsdóttir hlaut stöðu sérfræðings í hjúkrun og Helga Ýr Erlingsdóttir lauk starfsnámi til sérfræðiviðurkenningar í janúar 2023.

Önnur helstu verkefni voru eftirfarandi:

- Öryggismenning
  - Eftirlit og umræður um atvik á einingunum.
  - Rafrænt öryggisinnlit innleitt á Hjartadeild 14EG.
  - Vinna með byltuvarnir á 14EG og 12G.
  - Grunnendurlífgunarnámskeið á vegum hjartadeildanna: 50 starfsmenn hjartadeildanna luku BLS.
- Mannauður
  - Helga Ýr Erlingsdóttir hjúkrunarfræðingur lauk starfsnámi til sérfræðiviðurkenningar í janúar 2023.
  - Áframhaldandi þróun og breyting á skráningu miðlægðra hæfniviðmiða til að mæta þörfum hjartadeildanna.
  - Áframhaldandi vinna við gerð sérhæfðra hæfniviðmiða fyrir hjartahjúkrun. Innihald hæfniviðmiða fyrir *Nýliða* og *Vel á veg komna* liggur fyrir.
  - Hæfniviðmið fyrir teymisstjóra og málastjóra á göngudeild kransæða er tilbúin.
  - Eloomi fræðsluefni er í stöðugri þróun og endurskoðun.
  - Fræðsluáætlun fyrir hjartadeildirnar er í þróun og tekur mið af hæfniviðmiðum.
  - Sex hjúkrunarfræðingar hafa verið á starfsþróunarári A í vetur og 5 hjúkrunarfræðingar eru á starfsþróunarári B á Hjartadeild 14E/G og hefur verið unnið verklag til að styðja við þá á deildinni og skýra hlutverk og ábyrgð, hjúkrunarfræðinga, tengiliða, mentora og stjórnenda. Á 12G hafa verið þrjú hjúkrunarfræðingar á starfsþróunarári A og tveir hjúkrunarfræðingar á starfsþróunarári B.

- Sí- og endurmenntun sjúkraliða verið styrkt.
- Sameiginlegur fræðslufundur Hjartadeildar, hjartagáttar og þræðingar í október 2022 og hjartaþræðingar og hjartarannsóknar í nóvember 2022.
- Þjónusta
  - Fjarheilbrigðisþjónusta er í mikilli þróun innan hjartaþjónustunnar: meðlimir innan fagráðsins hafa tekið þátt í þróun og rannsókn á notkun Sidekick forritsins.
  - Unnið að verklagi og flæðiriti á göngudeild Kransæðasjúklinga og hjartabilunar.
  - Haldin hafa verið tvö námskeið alls 12 klst. fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í heimahjúkrun vegna Hjartabilunarþjónustunnar.
  - Hjartabilunarþjónustan - námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.
- Stöðugar umbætur
  - Fræðsluefni: Fræðsluefni fyrir sjúklinga á Hjartagátt var endurskoðað. Fræðsluefni um kransæðasjúkdóma á Heilsuveru var þróað í samstarfi við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins. Þróun efnis fyrir aðra sjúklingahópa er í vinnslu.
  - Gæðaskjöl: Gefið var út gæðaskjal um kransæðaþræðingu á þræðingastofu, um sjálfsmat einkenna sjúklinga með gáttatif (gáttatífisstigin) og unnið að endurnýjun gæðaskjala á hjartagátt og gerð nýrra.
  - Fagráðið á fulltrúa í stýrinednd fyrir skráningu hjúkrunar. Fulltrúar fagráðs eru tengiliðir fyrir hjartadeildirnar.
  - Ýmsir umbótahópar hafa verið starfandi í vetur á 14EG fyrir eftirfarandi viðfangsefni: Byltuvarnir, næring, einkenni, hreyfing, óráð, sýkingavarnir.
  - Aukin þjónusta geðsviðs á hjartadeild með aðkomu sérnámshjúkrunarfræðings.
  - Öryggisvakning á hjartadeild: skráning íhluta, skráning atvika, umgengi í lyfjaherbergi, öryggisinnlit, æðaleggir, upplýsingaskrá við innlögn, útskriftabréf, orri/vinnustund.
  - Þróun og hönnun “Útskriftarborðs” í Heilsugátt sem nú heitir “Útskriftarbréf” og verður innleitt á fleiri deildum spítalans.
  - Þróun nýjunga í Heilsugátt.
  - Innleiða og bæta tilvísanir á hjartadeildir (B&T).
  - Sameiginleg beiðni í heilsugátt á hjartasviðið.
- Ráðstefnur
  - ICN NP/ANP í Dublin ágúst 2022. ESC í Barcelona ágúst 2022. INEC, Ráðstefna um klíníska kennslu í Sitges, september 2022, Lyflæknaþingið, nóvember 2022. NICC, Gautaborg, janúar, 2023. Europrevent, Malaga, apríl 2023. EuroPCR, París, maí, 2023. ESC HeartFailure, Prag, maí 2023. NBCC Reykjavík, júní 2023.

- Vettvangsferðir
  - Hjartagátt og hjartapræðing: Rigshospitalet í Kaupmannahöfn, nóvember 2022. Göngudeild kransæða: Malmö og Frederiksberg og Rigshospitalet í Kaupmannahöfn, nóvember 2022. Hjartadeild 14EG: Stokkhólmur og Uppsala, september 2022.
- Birtingar:
  - Ingadóttir B, Jaarsma T, Norland K, Ketilsdóttir A. Sense of Security Mediates the Relationship Between Self-care Behavior and Health Status of Patients With Heart Failure: A Cross-sectional Study. *J Cardiovasc Nurs.* 2023 Mar 8. [doi: 10.1097/JCN.0000000000000981](https://doi.org/10.1097/JCN.0000000000000981).
  - Arnar, D. O., Oddsson, S. J., Gunnarsdóttir, T., Gudlaugsdóttir, G. J., Gudmundsson, E. F., Ketilsdóttir, A., ... & Thorgeirsson, T. (2022). Improving outpatient care for heart failure through digital innovation: A feasibility study. *Pilot and Feasibility Studies, 8(1)*, 1-10. <https://doi.org/10.1186/s40814-022-01206-w>.

Stjórn fagráðs hjartahjúkrunar var skipuð á fagráðsfundi 2. nóvember 2020 en hana skipa Auður Ketilsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, formaður, Guðríður Kristín Þórðardóttir sérfræðingur í hjúkrun, ritari, Hulda Halldórsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Valdís Anna Gunnarsdóttir deildarstjóri, Inga Valborg Ólafsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, María V. Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun og Hildur Rut Albertsdóttir sérfræðingur í hjúkrun.





## Fagráð um ljósmæðraþjónustu

Stjórn fagráðs um ljósmæðraþjónustu á Landspítala hefur að jafnaði fundað tvisvar í mánuði veturinn 2022-2023.

Fagráðið hefur staðið fyrir málstofum sem kallast *Rannsóknarkaffi* í fjögur skipti í vetur. Þar er vettvangur fyrir ljósmæður í framhaldsnámi og/eða þær sem eru að vinna að rannsóknum til að kynna sín verkefni fyrir samstarfsfólki og fá umræður um þau. Eftirfarandi meistaraverkefni ljósmæðra voru kynnt á málstofunum:

- *Stjórnun og starfsánægja ljósmæðra*. Guðrún Pálsdóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinendur dr. Helga Gottfreðsdóttir og dr. Helga Bragadóttir.
- *Áhrif notkunar ytra oxýtósíns í fæðingu á brjóstagiöf*. Bryndís Sunna Jóhannesdóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinendur dr. Berglind Hálfhálsdóttir og dr. Marianne Elizabeth Klinke.
- *„Það besta úr báðum heimum“*. Viðhorf ljósmæðra til notkunar ómtækja við mat á framgangi fæðingar – Elsa Ruth Gylfadóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinendur dr. Valgerður Lísa Sigurðardóttir og dr. Hulda Hjartardóttir.
- *Fæðingarupplifun íslenskra og erlendra kvenna á Íslandi* - Elín Inga Lárusdóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinendur Emma Marie Swift og Edythe L. Mangindin.

Í Rannsóknarkaffinu var einnig kynning á tveimur doktorsverkefnum í ljósmóðurfræði:

- *Ójöfnuður og mismunur í fæðingarþjónustu á Íslandi* - Edythe L. Mangindin, ljósmóðir og doktorsnemi, leiðbeinendur dr. Emma Marie Swift o.fl.
- *Emergency obstetric referral: women's experiences, perceived community-led initiatives to facilitate referral, maternal, neonatal outcomes and associated factors in Isingiro district south-western Uganda* - Harriet Nabulo, ljósmóðir og doktorsnemi, leiðbeinendur dr. Helga Gottfreðsdóttir o.fl.

Þá var einnig kynnt eitt umbótaverkefni *Síritun hjá konum í eðlilegri fæðingu – getum við gert betur* - Halla Ósk Halldórsdóttir, ljósmóðir MSc. Að lokum fluttu Ásta Hlín Ólafsdóttir og Elva Rut Kristínardóttir, ljósmæður Bjarkarinnar fæðingarstofu, hugleiðingu sem bar titilinn *Horft um öxl* en þær höfðu báðar áður starfað á Fæðingarvakt Landspítala.

Fagráð um ljósmæðraþjónustu á Landspítala kynnti fagráðið á ráðstefnunni Fjölskyldan og barnið sem haldin var á Hótel Natura 11. nóvember 2022.

Stjórn fagráðs hefur unnið að mótun sérfræðiþjálfunar fyrir ljósmæður og rætt um reglugerðarbreytingu um veitingu sérfræðileyfa. Hugmyndirnar snúast um að undirbúningur til sérfræðiréttinda verði með formlegri hætti en nú er, þ.e. að starfsnám til sérfræðiréttinda verði í boði fyrir ljósmæður með meistara- og/eða doktorspróf líkt og verið hefur á Landspítala. Fulltrúar úr stjórn fagráðsins áttu fundi með stjórnendum innan heilsugæslunnar og menntadeild Landspítala varðandi samstarf þessara tveggja stofnana um starfsnám ljósmæðra til sérfræðiréttinda. Það virðist ekkert standa í vegi fyrir slíku samstarfi en hvorki liggur fyrir hvernig fyrirkomulagið mun verða né hvort um verður að ræða ákveðinn fjölda ljósmæðra sem kæmust að í starfsnámið hverju sinni.

Stjórn fagráðs hefur tekið að sér að halda utan um gerð hæfniviðmiða fyrir ljósmæður. Sú vinna hefur gengið hægar en reiknað var með í upphafi því það reyndist flókið að máta störf ljósmæðra í sniðmátið sem lagt var til af hálfu spítalans. Stefnt er að því að halda þessari vinnu áfram í haust.

Rannsóknarverkefni sem ljósmæður á Landspítala hafa unnið að og er lokið.

Innan fræðasviðs um fæðingarhjálp:

- *Viðhorf, þekking og reynsla ljósmæðra sem starfa á fæðingavakt Landspítala af vatnsfæðingum.* Meistaraverkefni Klöru Jennýjar Húnfjörð Arnbjörnsdóttur, leiðbeinendur Ólöf Ásta Ólafsdóttir og Steinunn H. Blöndal.
- *„Þetta er hjálpartæki ekki ljósmóðir, það er ekkert sem kemur í staðinn“.* Reynsla ljósmæðra af miðlægri hjartsláttarhlustun. Meistaraverkefni Brynju Pálu Helgadóttur, leiðbeinandi Helga Gottfreðsdóttir.
- *„Það besta úr báðum heimum“.* Viðhorf ljósmæðra til notkunar ómtækja við mat á framgangi fæðingar. Meistaraverkefni Elsu Ruthar Gylfadóttur, leiðbeinendur Valgerður Lísu Sigurðardóttir og Hulda Hjartardóttir.
- *Tengsl Milou miðlægs fósturhjáttarkerfis við útkomu fæðinga á Landspítala.* Meistaraverkefni Birtu Hildardóttur, leiðbeinendur Helga Gottfreðsdóttir og Halla Ósk Halldórsdóttir.
- *Tengsl notkunar ytra oxýtósíns í fæðingu við þróun einhverfu og ADHD.* Meistaraverkefni Ragnheiðar Ragnarsdóttur, leiðbeinendur Berglind Hálfhánsdóttir og Bryndís Sunna Jóhannesdóttir.
- *Tíðni eðlilegra fæðinga eftir sameiningu fæðingardeilda á Landspítala.* Meistaraverkefni Ragnhildar Önnu Ólafsdóttur, leiðbeinendur Berglind Hálfhánsdóttir og Sigurveig Ósk Pálsdóttir.
- *Viðhorf nýlega útskrifaðra ljósmæðra til eðlilegra fæðinga og verndun þeirra á Fæðingavakt Landspítala.* Meistaraverkefni Sunnu Lífur Guðmundsdóttur, leiðbeinandi Ólöf Ásta Ólafsdóttir.

Innan fræðasviðs um sængurlegu og brjóstgjöf:

- *Brjóstgjöf mánuði eftir fæðingu.* Meistaraverkefni Ágústu Gísladóttur, leiðbeinendur Emma Marie Swift og Edythe L. Mangindin.
- *Reynsla og upplifun foreldra síðfyribura á þjónustu á meðgöngu- og sængurlegudeild.* Meistaraverkefni Bjarkar Jómundsdóttur, leiðbeinendur Helga Gottfreðsdóttir og Raket Björg Jónsdóttir.
- *Tengsl áfallastreitueinkenna eftir fæðingu og röskunar á tengslum móður við ungbarn* Meistaraverkefni Guðrúnar Önnu Hákonardóttur, leiðbeinendur Valgerður Lísu Sigurðardóttir og Stefanía Birna Arnardóttir.
- *Tengsl áfallastreitueinkenna eftir fæðingu við algengi og upplifun brjóstgjafar* Meistaraverkefni Önnu Rósu Arnarsdóttur, leiðbeinendur Valgerður Lísu Sigurðardóttir og Hallfríður Kristín Jónsdóttir.

- *Hverjar eru ástæður þess að hraustum nýburum er gefin ábót á fyrstu viku eftir fæðingu á sjúkrahúsi og hvaða leiðir eru til úrbóta?* Meistaraverkefni Tinnu Halldórsdóttur, leiðbeinendur Helga Gottfreðsdóttir og Hallfríður Kristín Jónsdóttir.

Innan fræðasviðs um kynheilbrigði og forvarnir:

- *„Sækið Hildi ljósmóður“: Innsýn í líf og störf héraðsljósmóður á Austurlandi á seinni hluta 20. aldar.* Meistaraverkefni Stellu I. Steinþórsdóttur, ljósmóður, leiðbeinandi Ólöf Ásta Ólafsdóttir.
- *Eldri mæður og útkomur nýbura á Íslandi á 10 ára tímabili.* Meistaraverkefni Hugrúnar Jónu Hilmarisdóttur, leiðbeinendur Emma Marie Swift og Kristjana Einarsdóttir.
- *Heilsuefandi útkomur í ljósmæðraþjónustu á Íslandi.* Meistaraverkefni Ilmar Sólar Eiríksdóttur, leiðbeinandi Embla Ýr Guðmundsdóttir.

Ljósmæður fagráðs eru einnig aðilar að stærri rannsóknarverkefnum sem unnin eru í samstarfi við aðrar stofnanir innan lands og utan:

- Normal birth – how to protect normal births in hospital settings. Nordplus samstarfsverkefni Midwives of the North (Nordejordemodern) við Háskóla Íslands og háskóla á Norðurlöndunum og Eystrasaltlöndunum.
- INTERSECT alþjóðleg rannsókn á áfallastreitueinkennum eftir fæðingu er rannsókn sem framkvæmd er í 44 löndum í öllum heimsálfum og nær til kvenna og maka þeirra.
- Birth Saga rannsóknarverkefni á tengslum áfallasögu kvenna við neikvæða fæðingarreynslu og útkomu fæðinga. Samstarf við Háskóla Íslands.
- Geðheilsuvernd á meðgöngu og eftir fæðingu. Samstarfsverkefni við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Poznan University í Póllandi.
- Innleiðing viðtala ljósmæðra innan heilsugæslunnar um allt land um fæðingarreynslu. Samstarfsverkefni við Háskóla Íslands og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Sex ljósmæður sem eru í starfi á Landspítala luku meistaraþráðu frá júní 2022 til júní 2023. Það eru Elsa Ruth Gylfadóttir, Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir, Sigurveig Ósk Pálsdóttir, Brynja Pála Helgadóttir, Klara Jenný Húnfjörð Arnbjörnsdóttir og Stella I. Steinþórsdóttir. Auk þeirra luku 11 ljósmæður meistaraþráðu í ljósmóðurfræði til starfsréttinda.

Edda Sveinsdóttir var ráðin í stöðu sérfræðiljósmóður á Fæðingarvakt Landspítala 1. nóvember 2022. Ingibjörg Eiríksdóttir sérfræðiljósmóðir í meðgönguvernd og brjóstgjöf fór á eftirlaun 1. apríl 2023. Alls eru fjórar ljósmæður nú í stöðum sérfræðiljósmæðra innan barneignarþjónustu Landspítala en það eru Bryndís Ásta Bragadóttir, Edda Sveinsdóttir, Kristín Rut Haraldsdóttir og Valgerður Lís Sigurðardóttir. Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir mun bætast í hópinn haustið 2023. Fjórar ljósmæður eru nú í starfsnámi til sérfræðiréttinda.

Stjórn Fagráðs um ljósmæðraþjónustu á Landspítala skipa eftirfarandi aðilar: Dr. Valgerður Lís Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir, formaður, Bryndís Ásta Bragadóttir, sérfræðiljósmóðir, ritari, dr. Helga Gottfreðsdóttir, prófessor, forstöðumaður fræðasviðs ljósmóðurfræða, varaformaður, Edda Sveinsdóttir, ljósmóðir með sérfræðileyfi, María Sunna Einarsdóttir, ljósmóðir, og Hallfríður Kristín Jónsdóttir, ljósmóðir í starfsnámi til sérfræðiréttinda.

## Fagráð um ljósmæðraþjónustu á Landspítala

Valgerður Lísa Sigurðardóttir, Bryndís Ásta Bragadóttir, Edda Sveinsdóttir, Hallfríður Kristín Jónsdóttir og Helga Gottfreðsdóttir

### Hvað er fagráð?

- ✓ Eru mynduð utan um sérgreinar hjúkrunar- og ljósmóðurfræða á Landspítala
- ✓ Eru vettvangur faglegrar umfjöllunar
- ✓ Eru samstarfsvettvangur Landspítala og Háskóla Íslands

### Hverjir eru aðilar að Fagráði um ljósmæðraþjónustu?

- ✓ Allar starfandi ljósmæður á Landspítala sem hafa áhuga á að taka þátt í:
  - ✓ Þróun ljósmæðraþjónustu
  - ✓ Vinnu að rannsóknum og gæðamálum
  - ✓ Miðlun þekkingar
  - ✓ Innleiðingu nýjunga í ljósmóðurstarfið



### Stjórn

- ✓ Skipuð til 2ja ára í senn
- ✓ Fundar x 2 í mánuði

### Hvert er hlutverk Fagráðs um ljósmæðraþjónustu?

- ✓ Móta stefnu um þjónustu, gæðastarf, rannsóknir, kennslu, nám og starfsþróun innan sérgreina ljósmóðurfræða
- ✓ Vera leiðandi og vinna að;
  - ✓ Þróun innan sérgreina ljósmóðurfræðinnar
  - ✓ Innleiðingu og miðlun nýrrar þekkingar innan fagsins
  - ✓ Gæðamálum
  - ✓ Rannsóknum og þverfaglegu rannsóknastarfi
  - ✓ Stuðningi við nám og menntun ljósmæðra
  - ✓ Skilgreiningu á þörf fyrir sérfræðiljósmæður og leggja drög að þróun sérfræðiljósþekkingar innan ljósmóðurfræða
  - ✓ Mótun og starfsþróun innan ljósmóðurfræða
  - ✓ Gerð og innleiðingu hæfnivíðmiða
- ✓ Eru ráðgefandi til stjórnenda um málefni ljósmóðurfræða innan kjarna og sviðs
- ✓ Eru vettvangur samráðs milli deilda, kjarna og sviða þar sem skjólstæðingum barneignarþjónustu er sinnt

### Dæmi um starfsemi Fagráðs um ljósmæðraþjónustu

- ✓ **Rannsóknakaffi** – opnar málstofur um rannsóknir innan ljósmóðurfræða haldnar x 4 á ári
- ✓ Skriflegar umsagnir og ályktanir um málefni barneignarþjónustu sem eru í brennidepli á hverjum tíma
- ✓ Reglulegir samráðsfundir með stjórnendum
- ✓ Þarfagreining fyrir þjónustu sérfræðiljósmæðra



Erindi til fagráðs má senda í tölvupósti til formanns stjórnar: [valgerds@landspitali.is](mailto:valgerds@landspitali.is)



Rannsóknakaffi



Útskrift ljósmæðranema 2023



Rannsóknakaffi



## Fagráð krabbameinshjúkrunar

Fagráð krabbameinshjúkrunar innan Krabbameinskjarna Landspítala fundaði reglulega starfsárið 2022-2023. Fagráðinu tilheyra allir hjúkrunarfræðingar sem starfa á deildum 10K, 11BC, 11EG, brjóstamiðstöð, líknardeild, í HERU, líknarráðgjafarteymi, endurhæfingarteymi og kynlífsráðgjöf. Á haustmánuðum 2022 bættist Sigríður Gunnarsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs krabbameinshjúkrunar aftur í hópinn eftir að hafa verið framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala í 10 ár.

Helstu verkefni fagráðsins á starfsárinu voru vinna við innleiðingu og þróun Krabbameinsgáttarinnar, gerð sérhæfðra hæfniviðmiða, ýmis öryggis- og gæðaverkefni auk rannsókna, starfsþróunar og mannauðsmála.

- Á öllum deildum kjarnans var unnið að stöðugum umbótum varðandi áhættumat hjá sjúklingum, öruggar lyfjagjafir og gagnreynda starfshætti.
- Lokað lyfjaferli við krabbameinslyfjagjafir var innleitt á 11B og 11EG. Skipt var úr Aria yfir í Cato sem er fyrsta lokaða lyfjaferlið á Íslandi. Notaðar eru handtölvur til skráningar og kerfið á að tryggja að rétt lyf séu gefin réttum sjúklingi með rauntímaskráningu. Samhliða þessu voru meðferðarlyfjaleiðbeiningar yfirfarnar og uppfærðar. Teymisstjórar á 11B og Cato teymið voru heiðruð á ársfundi 2023.
- Á líknardeild voru innleidd öryggisinnlit, sjúklingaflokkun Rafaela og vinnuálagsmæling, og á 11EG voru byltuvarnir, starfsaðlögun nýliða og meðferðaráætlun fyrir deyjandi endurskoðaðar. Á 10K er m.a. unnið með innleiðingu á mati á munnslímhúð með OAG og í HERU samtalið um meðferðarmarkmið.
- Einkennamat sjúklinga með ESASr og DT eru í notkun á öllum einingum kjarnans og er nú hægt að opna á skjáborðum deilda fyrir daglega skoðun og áminningar. Notendaskýrsla með reglubundinni vinnslu úr ESASr og DT er komin í Gagnagátt (klínísk mælitæki). Elísabet Guðmundsdóttir og Arndís Embla Jónsdóttir kynntu vöruhús gagna og úttekt klínískra mælitækja fyrir fagráðinu.
- Krabbameinsgáttin er rafræn stuðningsþjónusta fyrir krabbameinssjúklinga í heimahúsum í gegnum rafrænu samskiptagáttirnar Meðveru og Heilsuveru. Hún er áfram í innleiðingu og þróun. Gáttin býður nú upp á sjálfsmat sjúklings með ESASr og DT með sjálfvirkni og flöggunum, miðlun fræðsluefnis, fjarvöktun á niðurstöðum úr sjálfsmati og skilaboðum, og samskipti um skilaboðagátt. Niðurstöður rannsóknar sýndu að gáttin var að mati sjúklinga og starfsmanna fýsileg til notkunar. Unnið var að uppsetningu Meðveru í vefútgáfu Sögu.
- Sjúklingafræðsluefni kjarnans sem er í gæðahandbók er nú allt aðgengilegt í Meðveru bæði til útprentunar og útsendinga í Krabbameinsgátt sjúklings í Heilsuveru. Unnið er að pólskum þýðingum með stuðningi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Sex fræðsluefni á pólsku bíða nú útgáfu og eru sex önnur í vinnslu. Birtast þau við leit að fræðsluefni á pólsku í leitarvél gæðahandbókar
- Mörg ný skjöl hafa bæst í gæðahandbókina þar á meðal er fyrsta útgáfa klínískrar gæðahandbókar eigin stofnfrumumeðferða, skjöl um krabbameinslyfjameðferð fyrir starfsmenn og sjúklinga, og skjöl um kynlíf og kynlífsráðgjöf

- Sérhæfð hæfniviðmið fyrir nýliða í krabbameins- og líknarhjúkrun og starfsþróun. Unnið var að gerð viðmiða fyrir krabbameinslyfjameðferð, geislameðferð, einkenameðferð, líknarmeðferð, sjúklingsfræðsla, samskipti, kynheilbrigði, bráð vandamál o.fl. Fjölbreytt fræðsla er í boði í Eloomi. [Tveggja daga námskeið fyrir nýliða um krabbameinslyfjameðferð](#) var haldið í 35. sinn í desember 2022 og aftur í maí 2023 með góðri þátttöku hjúkrunarfræðinga innan kjarnans og utan spítalans.
- Stofnfrumumeðferð. Stofnfrumuteymi Landspítala vinnur að gæðavottun og faggildingu fyrir eigin stofnfrumumeðferð á Landspítalanum, sem að mestu er til meðhöndlunar illkynja blóðsjúkdóma. Brynja Hauksdóttur, sérfræðingur í hjúkrun og teymisstjóri stofnfrumuteymis, er í stýrinesnd og vinnur að sértækum hlutum verkefnisins. Núverandi vinna felst í uppbyggingu gæðastjórnunarkerfis sem fylgir gæðastöðlum JACIE (The Joint Accrediation Committee ISCT-Europe & European Society for Blood and Marrow Transplantation).
- Brjóstamiðstöð. Mörg verkefni í gangi þar sem m.a. er unnið er að skipulagi verkferla, teymisvinnu og hlutverki umsjónarhjúkrunarfræðings. Hjúkrunarskráning hefur verið samræmd innan brjóstamiðstöðvar og starfshópur hóf að þróa leiðarvísi (survivorship care plan) fyrir sjúklunga með brjóstakrabbamein sem hafa lokið viðbótar krabbameinslyfjameðferð og/eða geislameðferð. *Mín leið* námskeiðið fyrir þá sem hafa lokið brjóstakrabbameinsmeðferð er áfram í samstarfi við Ráðgjafabjónustu KÍ og gagna er aflað um fýsileika og útkomur.
- Endurhæfingarteymi fyrir krabbameinsgreinda á Landspítala er leitt af Rannveigu B. Gylfadóttur, sérfræðingi í hjúkrun. Það vann m.a. að klínískum leiðbeiningum um heildræna endurhæfingu og stuðning við krabbameinssjúklinga frá greiningu og við meðferðarlok eða s.k. „survivorship“ þjónusta.
- Sérhæfð kynlífsráðgjöf fyrir krabbameinssjúklinga er þróuð og veitt af Jónu Ingibjörgu Jónsdóttur, sérfræðingi í hjúkrun. Hún hefur m.a. unnið að gerð fræðsluefnis, gæðaskjala og hæfniviðmiða fyrir nýliða um málefnið.
- HERA tók þátt í forprófun á innleiðingu á samtali um meðferðarmarkmið í samstarfi við vinnuhóp um innleiðingu á slíku samtali á Landspítala. Markmið samtalsins er að fá upplýsingar frá sjúklingi um viðhorf, óskir, væntingar og áherslur, þannig að hægt sé að veita þjónustu í samræmi við lífsgildi hans og lífsviðhorf. Í fyrstu voru læknir og hjúkrunarfræðingur saman í samtali við sjúkling og aðstandendur en nú taka hjúkrunarfræðingar samtölin að mestu.
- Líknarráðgjafarteymið er leitt af Kristínu Láru Ólafsdóttur sérfræðingi í hjúkrun og Katrínu Eddu Snjólaugsdóttur hjúkrunarfræðingi sem lokið hefur starfsnámi til sérfræðiréttinda. Árið 2022 var 25. starfsár teymisins og beiðnum til þess fer sífellt fjölgandi. Auk ráðgjafar sinnir teymið stuðningsþjónustu sem felst í viðtölum á göngudeild og eftirfylgd við sjúklunga og aðstandendur. Teymið sinnir fjölbreyttri fræðsla og kennslu innan og utan Landspítala. Áhersla hefur verið á samskipti og [þjálfun í samtali um meðferðarmarkmið](#).
- Framhaldsnám og sérhæfing. Á árinu luku 10 hjúkrunarfræðingar diplómanámi í krabbameinshjúkrun frá HÍ (2021-2022), þar af voru 8 í starfi á 11EG

## Rannsóknir, kynningar og greinar

- Integrating supportive digital health service during cancer chemotherapy: A single arm before and after feasibility study. Nanna Friðriksdóttir, Brynja Ingadóttir, Kristín Skúladóttir, Sigríður Zoega, Sigríður Gunnarsdóttir. Verkefni í samstarfi við Embætti landlæknis og styrkt af KH, KÍ og vísindasjóði Landspítala. Handrit í ritrýni í JMIR
- Trú á eigin getu til sjálfsumönnunar. Lýsandi þversniðsrannsókn meðal sjúklinga með krabbamein í meltingarvegi og blóðkrabbamein sem eru í lyfjameðferð. Guðbjörg M. Lorange, Hekla B Grétarsdóttir og Sigríður K Þorkelsdóttir. BS lokaverkefni. Unnið með gögn úr fýsileikarannsókn krabbameinsgáttarinnar. Leiðbeinendur Brynja Ingadóttir og Nanna Friðriksdóttir.
- Development of an EORTC Cancer Survivorship assessment strategy. Mælitækjarannsókn með EORTC samtökunum. Rannsókn í lokafasa. Nanna Friðriksdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Sigríður Zoega, Sigríður Gunnarsdóttir.
- Van Leeuwen, M., Kleffer, J., Young, TE., EORTC survivorship questionnaire development group, Aaronson, NK., van de Poll-Franse, L (2022). Phase III study of the European Organisation for research and treatment of cancer quality of life cancer survivorship core questionnaire. Journal of Cancer Survivorship, <https://doi.org/10.1007/s11764-021-01160-1>; <https://rdcu.be/cFREj>
- NCI PRO-CTCAE. Mælitækjarannsókn í samstarfi við NIH. Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins styrkir. Nanna Friðriksdóttir, Hrefna Magnúsdóttir, Sigurðís Haraldsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Kristín Skúladóttir, Örvar Gunnarsson, Sigríður Zoéga, Agnes Smáradóttir.
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. The Benefit of a Couple-based Intervention Among Women in Active Cancer Treatment on Sexual Concerns. The European Cancer Survivorship and Rehabilitation Symposium (ECSR), Kaupmannahöfn, 26. sept.
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. Gagnsemi stuðningsmeðferðar og fræðslu í að draga úr kynferðislegum áhyggjuefnum hjá konum með krabbamein. Ráðstefnan Hjúkrun 2022, 29. mars.
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. Árangur af styrkleikamiðuðum meðferðarsamræðum fyrir þör til að efla aðlögun kvenna með krabbamein og maka hvað varðar kynlíf og nánd. Ráðstefnan Hjúkrun 2022, 30. mars.
- Rannveig Björk Gylfadóttir. Mín leið. Stuðningur við konur eftir meðferð við brjóstakrabbameini. Lyflækningaþing, 2022, 19. nóvember.
- The iLIVE-Project: Living well, dying well. Viðtals-og ferilrannsókn. Ég lifi (I live) er 4ja ára samstarfsverkefni 11 landa, styrkt af EU. Tilgangur rannsóknarinnar er m.a. að fá innsýn í líðan fólks með alvarlegan langt genginn sjúkdóm og áhyggjur, væntingar og óskir þeirra varðandi umönnun og meðferð nú og í framtíðinni. Gagnasöfnun lýkur í lok júní 2023. Svandís Íris Hálfánardóttir ofl.
- Yildiz, B., Allan, S., Bakan, M., Barnestein-Fonseca, P., Berger, M., Boughey, M., Christen, A., De Simone, G. G., Egloff, M., Ellershaw, J., Elsten, E. E. C. M., Eychmüller, S., Fischer, C., Fürst, C. J., Geijteman, E. C. T., Goldraij, G., Goossensen, A., Hálfánardóttir, S. Í., Haugen, D. F., ... Van Der

Heide, A. (2022). Live well, die well - an international cohort study on experiences, concerns and preferences of patients in the last phase of life: the research protocol of the iLIVE study. *BMJ Open*, 12(8), [057229].

- The Serious Illness Conversation Program: Pilot testing in a palliative home care setting. Kristín Lára Ólafsdóttir, Arna Dögg Einarsdóttir, Marta Jóns og Hjördísardóttir, Guðríður Kristín Þórðardóttir, Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir og Svandís Íris Hálfánardóttir International Collaborative for Best Care of the Dying Person. Summer School. 18.-20. May 2023.
- Að efla virðingu í daglegri hjúkrun. Katrín Edda Snjólaugsdóttir og Erna Haraldsdóttir. [Tímarit hjúkrunarfræðinga, 98\(81\), 94-102.](#)
- Þekking almennings á líknarmeðferð. Haustið 2022 var Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fengin til að senda út spurningalista á netpanel fólks, 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Könnunin innihélt m.a. spurningar um þekkingu á líknarmeðferð, hvar þeir kjósa að fá þjónustu á síðustu mánuðum lífs, og óskir um dánarstað og viðhorf til líknardráps. Alls bárust svör frá 801 einstaklingum (41%). Niðurstöður benda til þess að þekkingu á líknarmeðferð meðal almennings sé ábótavant.
- Þekking almennings á líknarmeðferð. Svandís Íris Hálfánardóttir og Valgerður Sigurðardóttir. Veggspjald á Vísindi á vordögum apríl 2023
- Knowledge of palliative care among the Icelandic population. Svandís Íris Hálfánardóttir og Valgerður Sigurðardóttir International Collaborative for Best Care of the Dying Person. Summer School. 18.-20. May 2023
- Líknarmeðferð og líknarþjónusta á Íslandi. Dóra Björk Jóhannesdóttir og Svandís Íris Hálfánardóttir (2022). [Tímarit hjúkrunarfræðinga 3 tbl \(98\): bls. 54-56.](#)
- Jónasdóttir, K. H., Guðmundsdóttir, E., & Gunnarsdóttir, S. (2022). Hjúkrun - grunnstoð heilbrigðiskerfisins: Þróun mönnunar í hjúkrun á Landspítala. [Tímarit hjúkrunarfræðinga, 98\(3\), 66-74.](#)
- Brynja Ingadóttir, Nanna Friðriksdóttir, Jóhanna Ósk Eiríksdóttir o.fl. (2022). [Heilsulæsi á Íslandi - hvar erum við stödd?](#)

Fagráðið skipa deildarstjórar, aðstoðardeildastjórar, forstöðumaður fræðasviðs, sérfræðingar í hjúkrun, meistaramenntaðir hjúkrunarfræðingar og aðrir faglegir leiðtogar sem leiða og sinna verkefnum innan kjarnans. Ákveðið var að breyta aftur fyrirkomulagi fagráðsins og leggja niður sérstaka stjórn þess. „Litla“ fagráðið var endurvakið sem leiðandi aðila fyrir stefnu og þróun, en því tilheyra sérfræðingar í hjúkrun, forstöðumaður fræðasviðs, og aðrir sem leiða og sinna verkefnum frá öllum einingum kjarnans. Stóra fagráðið er sem slíkt stjórn fagráðs en í því eru allir hjúkrunardeildarstjórar ásamt „litla“ fagráðinu.



## Fagráð skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunar

Fagráðsfundir eru haldnir mánaðarlega en stjórnarfundir á tveggja vikna fresti. Sameiginlegur tækjadagur fyrir skurðstofu- gjörgæslu og speglunarbjónustu á skurðlækningasviði var skipulagður og haldinn 28. apríl fyrir hádegi. Settar voru upp stöðvar til tækjapjálfunar á hverju sviði fyrir sig og heppnaðist vel.

### Faghópur gjörgæsluhjúkrunar

- Áhersla faghóps gjörgæsluhjúkrunar starfsárið 2022 til 2023 beindist að fræðslu fyrir hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeildum. Hópurinn tók til umfjöllunar hvaða fræðsluefni væri þörf fyrir, hverjir fræða og í hvaða formi fræðsla væri. Farið var yfir gæðaskjöl gjörgæslu í Gæðahandbók Landspítala sem reyndust fá um gjörgæsluhjúkrun og fræðslu um gjörgæsluhjúkrun á Eloomi. Afrakstur umræðna faghópsins um fræðslu fyrir hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeildum var samstarf faghópsins við umsjónakennara námskeiðsins Gjörgæsluhjúkrun II í MS námi í gjörgæsluhjúkrun við Háskóla Íslands. Hjúkrunarfræðingum á gjörgæsludeildum Landspítala var boðið á tvo fyrirlestradaga í námskeiðinu á haustönn 2023, annars vegar um óráð gjörgæslusjúklinga og hins vegar um áföll og áfallameðferð sjúklinga og aðstandenda á gjörgæslu. Faghópurinn valdi einnig tækin sem kynnt voru fyrir gjörgæsludeildir á tækjadeski aðgerðasviðs/skurðlækningasviðs 28. apríl 2023. Jafnframt skipulagði faghópurinn fræðslu á vinnutíma fyrir hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeildunum í apríl og maí 2023 sem gert var ráð fyrir á vinnuskýrslu þeirra. Fræðsluefnið *Verkir, vökustig og óráð gjörgæslusjúklinga* var tekið fyrir í formi umræðna og klínískra tilfella. Það voru hjúkrunarfræðingar með MS gráðu í gjörgæsluhjúkrun sem stýrðu umræðu auk sérfræðinga í hjúkrun gjörgæslusjúklinga og hjúkrunarfræðinga í starfsnámi til sérfræðiréttinda í gjörgæsluhjúkrun. Ánægja með fræðsluna og fyrirkomulag hennar var mikil samkvæmt könnun sem gerð var að fræðslu lokinni og mun faghópurinn vinna að samskonar fræðsludögum fyrir hjúkrunarfræðinga sem haldnir verða haustið 2023.

### Faghópur skurðhjúkrunar

- Sérnám í skurðhjúkrun hefur verið umfangsmesta verkefnið sem faghópur skurðhjúkrunar hefur haft með höndum. Námið tekur tvö ár og samsvarar 80 ECTS, þar af eru 50 ECTS bóklegt nám á meistarastigi en 30 ECTS eru klínískt nám á skurðstofum. Í maí 2022 luku 12 hjúkrunarfræðingar námi sem skurðhjúkrunarfræðingar og þar af héldu 10 áfram að starfa á skurðstofum Landspítala. Í ágúst 2022 hófu síðan 15 hjúkrunarfræðingar nám í skurðhjúkrun. Þar af eru 12 nemendur með stöðu á Landspítala. Tveir skurðhjúkrunarfræðingar luku meistaragráðu frá HÍ og tveir til viðbótar eru í yfirstandandi meistaranámi.
- Faghópurinn hefur verið að undirbúa skráningu hæfniviðmiða í skurðhjúkrun á Landspítala. Sú vinna er þó ekki komin langt á veg enn sem komið er en stefnt er að því að setja kraft í þá vinnu með haustinu. Þá er vinna í gangi við að uppfæra og samræma fræðslu- og kennsluefni vegna móttöku nýrra starfsmanna, bæði í Fossvogi og á Hringbraut og er sú vinna komin vel á veg.
- Faghópurinn hefur einnig tekið þátt í að koma af stað skráningu á tækjapjálfun skurðhjúkrunarfræðinga á Landspítala og er sú vinna enn í gangi. Faghópurinn á fulltrúa í

tveimur stýriningum á Landspítala. Það eru stýriningur um hjúkrunarskráningu og stýriningur um hæfniviðmið hjúkrunar.

- Þá er afar ánægjulegt frá því að segja að tveir nýir sérfræðingar í skurðjúkrun hafa verið ráðnir á Landspítala, þau Ragnheiður Jónsdóttir og Birgir Örn Ólafsson. Þeirra þekking og starfskraftar munu verða mikil styrking fyrir starf faghópsins sem og allt hið faglega starf á skurðstofum. Þá hefur Herdís Alfreðsdóttir, sérfræðingur í skurðjúkrun, látið af störfum.

#### Faghópur svæfingahjúkrunar

- Ellefu hjúkrunarfræðingar hófu viðbótardiplómanám á meistarastigi í svæfingahjúkrun í september 2022. Námið tekur tvö ár og samsvarar 80 ECTS, þar af eru 50 ECTS fræðilegt nám og 30 ECTS klínísk starfsþjálfun á svæfingadeildum sem telur 1700 stundir. Tíu sérnámshjúkrunarfræðinganna eru ráðnir á svæfingardeildir Landspítalans á meðan á náminu stendur og einn á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi en kemur á Landspítala sem hluta af starfsnáminu. Fjórir svæfingahjúkrunarfræðingar eru skráðir í meistaranám.
- Samstarf hófst við svæfinganámsleiðina við Minnesota Háskóla og komu formaður námsleiðarinnar og nemandi hingað til lands í maí til að leggja frekari grunn að samstarfinu milli kennara og nemenda. Af því tilefni var haldið málþing þar sem báðar námsleiðirnar voru kynntar og fjallað um svæfingahjúkrun í alþjóðlegum vettvangi.
- Föstudagsfræðsla á deildum hefur verið vikulegur viðburður og „öryggisvakning vikunnar“ fest sig í sessi í Fossvogi. Þannig hefur nýtt verkefni sem lýtur að öryggi sjúklinga verið tekið fyrir vikulega og haft að leiðarljósi þá vikuna.
- Í september hófst regluleg þverfagleg hermipþjálfun við bráðum uppákomum á skurðstofum í Fossvogi og á Hringbraut. Tilfellið tóku mið af bráðum atvikum sem geta komið upp á vaktinni, þverfaglegu samstarfi allra fagaðila á skurðstofunni og notkun viðeigandi gátlista við slíkum uppákomum á svæfingunni.
- Unnið var að gerð hæfniviðmiða fyrir verklag vegna fyrirkomulags svæfinga svæfingahjúkrunarfræðinga á ASA 1 og 2 sjúklingum á Landspítala.

#### Faghópur speglunarjúkrunar

- Á starfsárinu hefur verið unnið að gerð hæfniviðmiða fyrir hjúkrunarfræðinga á speglunardeild og uppfærslu á gæðaskjölum
- Unnið hefur verið að gerð nýrra gæðaskjala við mismunandi aðgerðir.
- Unnið hefur verið að gerð nýrra vinnuleiðbeininga á notkun efna, tækja og tóla.

Stjórn fagráðsins skipa: Dr. Þórunn Scheving Elíasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í svæfinga- og skurðjúkrun (formaður), Birgir Örn Ólafsson, sérfræðingur í skurðjúkrun, Elín Jónsdóttir, aðstoðardeildarstjóri á vöknun, Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun, Margrét Marín Arnardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Ólöf Sigurborg Sigurðardóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur, Ragnheiður Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, dr. Rannveig Jóna Jónasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í gjörgæsluhjúkrun og Þórdís Borgþórsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun.



## Fagráð í hjúkrun aðgerðasjúklinga

Ýmis verkefni eru á döfinni hjá fagráði í hjúkrun aðgerðasjúklinga s.s. áframhaldandi vinna við þau verkefni sem hafin eru og frekari kynningar og rannsóknir sem tengjast fræðasviði hjúkrunar aðgerðasjúklinga. Stjórnin fundar hálfmánaðarlega.

### Mönnun sérfræðinga í hjúkrun

- Sérfræðingar í hjúkrun í skurðlækningaþjónustu eru nú átta og hefur fjölgað um einn síðan í fyrra. Að auki eru tveir í stöðu deildarstjóra, tveir hjúkrunarfræðingar hafa lokið starfsnámi til sérfræðingsréttinda og bíða leyfis/stöðu og einn er nú í starfsnámi. Þörf er talin vera fyrir 19 stöðugildi til viðbótar samkvæmt greinagerð frá fagráðinu frá árinu 2021.

### Hæfniviðmið

- Vinna er hafin við gerð sameiginlegra hæfniviðmiða fyrir dag- og legudeildir á skurðlækningakjarna.

### Menntun

- Níu hjúkrunarfræðingar eru í meistaranámi á skurðlækningasviði og í undirbúningi er diplómanám í hjúkrun aðgerðasjúklinga við HÍ vorið 2024.
- Vorskóli skurðlækningasviðs var haldinn 24. maí 2023 fyrir nýráðna hjúkrunarfræðinga, 3ja árs hjúkrunarnema og nýútskrifaða.
- Skurðdeildir sameinuðust um að halda fræðsludag fyrir sérhæfða starfsmenn og nema sem störfuðu við aðhlyningu á sviðinu í sumar, til að styrkja og efla nærhjúkrun á sviðinu.
- Unnið er að gerð rafræns fræðsluefnis um meðferð skurðsára en verkefnið var styrkt af [SUMS](#).

### Rannsóknir

- Tvær rannsóknir eru í undirbúningi. Annars vegar er um að ræða spurningalistakönnun sem lögð verður fyrir dagaðgerðasjúklinga á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri í haust. Þar verður spurt um líðan þeirra eftir aðgerð á þremur tímamörkum eftir aðgerð. Hins vegar er rannsókn sem ber heitið: Að hafa sjúklinginn í öndvegi en hún er eigindleg rannsókn á mati

hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem hjúkra aðgerðasjúklingum, á starfsumhverfi sínu og á hjúkrun sjúklinga í því umhverfi. Um er að ræða rýnihópa þar sem þátttakendur hittast einu sinni og ræða saman í rýnihópum. Til stóð að hún hæfist núna í vetur en ákveðið var að fresta henni til 2024.

### Málþing

- Málþing hjúkrunar aðgerðasjúklinga var haldið 14. október 2022 og var það vel sótt en um 100 hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sóttu málþingið. Stefnt er að sameiginlegu málþingi í nóvember með fagraði hjúkrunar á skurðstofu- og gjörgæslu.

### Vísindastarf og styrkir

- [Sveinsdóttir, J. S., & Sveinsdóttir, H. \(2022\). Heilsutengd lífsgæði sjúklinga eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm: Lýsandi ferillrannsókn. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 98\(2\), 36-45.](#)
- [Thorsteinsson, H. S., Bernharðsdóttir, J., Svavarsdóttir, M. H., Svavarsdóttir, E. K., Kristófersson, G. K., Sveinsdóttir, H., & Flygenring, B. G. \(2022\). Streita nemenda í hjúkrunarfræði í fyrstu bylgju COVID-19: Þversniðsrannsókn. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 98\(1\), 64-73.](#)
- [Ingadóttir, B., Friðriksdóttir, N., Eiríksdóttir, J. Ó., Einarsdóttir, H., Sigurgeirsdóttir, J., Blöndal, K., Svavarsdóttir, M. H., & Bragadóttir, B. \(2022\). Heilsulæsi á Íslandi – hvar erum við stödd? Tímarit hjúkrunarfræðinga, 98\(2\), 32-34.](#)
- [Valgardsson, A. S., Hrafnkelsdóttir, Þ. J., Kristjánsson, T., Friðjónsdóttir, H., Sigvaldason, K., Dellgren, G., & Guðbjartsson, T. \(2022\). Hjartaígræðslur og hjartagjafir Íslendinga. Læknablaðið, 108\(11\), 487-492.](#)
- [Blöndal K, Sveinsdóttir H, Ingadóttir B. Patients' expectations and experiences of provided surgery-related patient education: A descriptive longitudinal study. Nurs Open. 2022 Sep;9\(5\):2495-2505.](#)
- [Ingadóttir B, Laitinen E, Stefansdóttir A, Sigurdardóttir AO, Brynjólfsson B, Parisod H, Nyman J, Gunnarsdóttir K, Jónsdóttir K, Salanterä S, Pakarinen A. Developing a Health Game to Prepare Preschool Children for Anesthesia: Formative Study Using a Child-Centered Approach. JMIR Serious Games. 2022 Jan 20;10\(1\):e31471.](#)
- [Suikkala, A, Koskinen, S., Brasaité-Abromé, I., Fuster-Lnares, P., Lehwalds, D., Meyer, G., Sveinsdóttir, H., Katajisto, J. and Leino-Kilpi, H. \(2022\). Psychometric testing of the facilitative student-patient relationship scale within six EUROPEAN countries. NursingOpen, DOI: 10.1002/nop2.1485](#)

Stjórn fagraðsins skipa: Kolbrún Kristiansen sérfræðingur í hjúkrun, Katrín Blöndal sérfræðingur í hjúkrun, Ingibjörg Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun og deildarstjóri, Kolbrún Gísladóttir gæðastjóri, Steinunn Arna Þorsteinsdóttir sérfræðingur í hjúkrun og deildarstjóri, Erla Dögg Ragnarsdóttir deildarstjóri og dr. Herdís Sveinsdóttir forstöðumaður fræðasviðs.



## Fagráð hjúkrunarstjórnunar

Hlutverk fagráðs hjúkrunarstjórnunar eru að:

- Móta sýn og stefnu í hjúkrunarstjórnun á Landspítala.
- Standa vörð um mikilvægt hlutverk hjúkrunarstjórnenda m.t.t. gæða hjúkrunar og öryggis sjúklinga og velferð starfsmanna.
- Stuðla að heilbrigðu og eflandi vinnuumhverfi í hjúkrun.
- Hafa frumkvæði að og taka þátt í innleiðingu og miðlun þekkingar, nýjunga og breytinga í hjúkrunarstjórnun.
- Styðja við rannsóknir, þróun og nám í hjúkrunarstjórnun.
- Hvetja og efla leiðtogaefni í hjúkrun.
- Vera framkvæmdastjóra hjúkrunar til ráðgjafar í málum er varða hjúkrunarstjórnun.

Starfsemi fagráðsins hefur verið með hefðbundnu sniði síðasta starfsár og m.a. falist í opnum fundum. Í desember sl. hélt fagráðið síðasta aðalfund sinn þar sem Ásta Steinunn Thoroddsen, sem lengst af starfaði sem prófessor og forstöðumaður fræðasviðs upplýsingatækni í hjúkrun við Háskóla Íslands og Landspítala, kynnti Rannsókn- og þróunarsetur ICNP á Íslandi, sem starfar innan Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar, og Sigríður Gunnarsdóttir, sem hafði þá nýlega hætt í starfi framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala eftir 10 ár í starfi, flutti Hugleiðingar á tímamótum: Skilaboð til stjórnenda og leiðtoga í hjúkrun.

Á reglulegum hádegisfundum fagráðsins sl. vetur, sem haldnir eru á Teams, voru eftirtalin efni tekin fyrir:

- Hvað geri ég til að verjast kulnun: reynsla hjúkrunardeildarstjóra – María Einisdóttir verkefnastjóri.
- Kerfin geta hjálpað okkur - möguleikar tæknilegra lausna til að skapa betri yfirsýn og staðla vinnubrögð - Erla Dögg Ragnarsdóttir deildarstjóri.
- Hlutverk og verkefni Fagráðs Landspítala - Marta Jóns Hjördísardóttir formaður fagráðs Landspítala.
- Hjúkrun í brennidepli - Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala.
- Kynning á rafrænni umbótatöflu A-7 - Berlind Ósk Birgisdóttir aðstoðardeildarstjóri.
- Skaðaminnkandi nálgun á Landspítala - Kristín Davíðsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri.
- Skráning á sárum - Elva Rún Rúnarsdóttir hjúkrunarfræðingur,
- Skammtímaveikindi í hjúkrun á Landspítala: Halla Skúladóttir aðstoðardeildarstjóri.

Það að hafa fundina á Teams, sem gert hefur verið frá því heimsfaraldur COVID-19 skall á, hefur gert fleirum en ella kleift að taka þátt og voru fundir síðasta vetrar afar vel sóttir. Þrátt fyrir, eða e.t.v. vegna þess, að fundir eru knappir er efni þeirra sett fram á hnitmiðaðan hátt og umræður málefnalegar.

Við munum halda áfram að bjóða upp á knappa hádegisfundi á Teams í vetur eins og síðustu ár og er vel þegið að fá ábendingar um mikilvæg og áhugaverð verkefni innan sem utan Landspítala sem vert er að taka fyrir á fundum fagráðs hjúkrunarstjórnunar. Ábendingum má koma á framfæri við fulltrúa stjórnar fagráðsins. Dagskrá haustfunda verður auglýst fljótlega á Workplace.

Fagráðið er opið öllum stjórnendum og leiðtogum í hjúkrun á Landspítala og er þeim sem vilja slást í hópinn bent á að senda beiðni þess efnis á Helgu Bragadóttur [helgabra@i.is](mailto:helgabra@i.is)

Eftirtaldir hjúkrunarfræðingar luku MS prófi í hjúkrunarstjórnun frá Háskóla Íslands 2022:

- Lilja María Stefánsdóttir. Heiti verkefnis: Reynsla hjúkrunardeildarstjóra sem stjórnendur og leiðtogar í heimsfaraldri: Styðjandi og hindrandi þættir.
- Tanja Schiöth Jóhannsdóttir. Heiti verkefnis: Hæfni sérfræðinga í geðhjúkrun og útkoma úr störfum þeirra – Fræðileg samantekt með kögunarsniði.
- Halla Skúladóttir. Heiti verkefnis: Fjarvistir vegna skammtímaveikinda starfsfólks hjúkrunar í heilbrigðisþjónustu - Lýsandi rannsókn.
- Erla Svanhvít Guðmundsdóttir. Heiti verkenis: Starfsánægja hjúkrunarfræðinga á skurðstofum: Fræðileg samantekt með kögunarsniði.
- Guðríður Ester Geirsdóttir. Heiti verkefnis: Lífslokameðferð utan sérhæfðra líknardeilda: Fræðileg samantekt með kögunarsniði.

Ritryndar birtingar forstöðumanns fræðasviðs hjúkrunarstjórnunar 2022-2023:

- Guðríður Ester Geirsdóttir, Kristín Lára Ólafsdóttir & Helga Bragadóttir (2023). [Meðferð við lok lífs utan sérhæfðra líknardeilda: Fræðileg samantekt með kögunarsniði](#). *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 99(2), 68-28.
- Bragadóttir, H., Kalisch, B.J., Flygenring, B.G. & Tryggvadóttir, G.B. (2023). The relationship of nursing teamwork and job satisfaction in hospitals. *Sage Open Nursing*, 9, 1-12. <https://doi:10.1177/23779608231175027>
- Sulosaari, V., Blazevičienė, A., Bragadóttir, H., Bäckström, J., Heikkilä, J., Hellesø, R., Hopia, H., Lenk-Adusoo, M., Norlyk, A. & Urban, R. (2023). A comparative review of advanced practice nurse programmes in the Nordic and Baltic countries. *Nurse Education Today*, 127:105847. <https://doi:10.1016/j.nedt.2023.105847>
- Eyrún Thorstensen, Brynjólfur Gauti Jónsson & Helga Bragadóttir (2023). Nauðungarlyfjagjafir á geðdeildum Landspítala árin 2014-2018 [Involuntary medication in psychiatric units at Landspítali University Hospital in the years 2014-2018]. *Læknablaðið*, 109(4), 179-185. <https://doi:10.17992/lbl.2023.04.738>

- Bragadóttir, H., Flygenring, B.G. & Gunnarsdóttir, S. (2022). Lessons Learned from the Experience of Nurse Unit Managers Work during the COVID-19 Pandemic. *Tímarit hjúkrunarfræðinga Fylgirit*, 98(3), 20. (ágrip 052)
- Bragadóttir, H., Flygenring, B.G. & Gunnarsdóttir, S. (2022). The Characteristics of Nurse Unit Managers Work during the COVID-19 Pandemic. *Tímarit hjúkrunarfræðinga Fylgirit*, 98(3), 21. (ágrip 053)
- Geirsdóttir, G.E., Ólafsdóttir, K.L. & Bragadóttir, H. (2022). End-of-life care in non-specialist palliative care settings: A scoping review. *Tímarit hjúkrunarfræðinga Fylgirit*, 98(3), 27. (ágrip 059)
- Bragadóttir, H., Hjaltadóttir, I. & Gunnarsdóttir, S. (2022). The influence of the COVID-19 Pandemic on teamwork, leadership, and missed nursing care in nursing homes in Iceland– a pilot study. *Tímarit hjúkrunarfræðinga Fylgirit*, 98(3), 22. (ágrip 061)
- Bragadóttir, H. & Schram, Á.B. (2022). Innovative teaching in turbulent times – the benefits of faculty-student collaboration in a graduate health care management course. *Nordic Journal of Nursing Research*, 1-3. <https://doi.org/10.1177%2F20571585221090784>

Bragadóttir, H. (2022). Editorial: Nurses and midwives as global and glocal leaders. *Central European Journal of Nursing and Midwifery*, 13(1), 569-570. <https://doi:10.15452/CEJNM.2022.13.0005>

Fagráð hjúkrunarstjórnunar telur nú tæplega 80 þátttakendur úr röðum stjórnenda og leiðtoga í hjúkrun á Landspítala. Stjórn þess skipa: Berlind Ósk Birgisdóttir aðstoðardeildarstjóri, Erla Dögg Ragnarsdóttir deildarstjóri, Halldóra Friðgerður Víðisdóttir deildarstjóri, dr. Helga Bragadóttir forstöðumaður fræðasviðs, Lilja Hildur Hannesdóttir verkefnastjóri, Ingibjörg Guðmundsdóttir deildarstjóri og Margrét Ó. Thorlacius hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir.

## Fagráð hjúkrunar á lyflækningakjarna

Stjórn fagráðsins hjúkrunar á lyflækningakjarna skipulagði [málþing til minningar um Hildi Einarsdóttur sérfræðing í hjúkrun](#) í Hringsal 27. apríl 2023. Málþinginu var streymt á fésbókarsíðu Landspítalans. Málþingið gekk mjög vel og var húsfyllir í salnum en um 1700 manns hafa fylgst með málþinginu í streymi. Málþingið verður haldið árlega með kynningum á gæðaverkefnum og rannsóknum.

Sumarfræðsla fyrir nýliða í umönnunarstörfum var haldin 31. maí 2023 í Hringsal og á TEAMS. Í ár var þemað öryggi sjúklinga. Í heildina sóttu kringum 60 manns fræðsluna og komu frá eftirfarandi deildum: lungnadeild, smitsjúkdómadeild, meltingar- og nýrnadeild, bráðamóttöku í Fossvogi, Landakoti, hjartagátt, almennri lyflækningadeild, og nokkrum deildum geðþjónustunnar. Fagráðið vonast til þess að þessi fræðsla verði gerð miðlæg, aðgengileg öllum nýliðum í umönnunarstörfum á Landspítala þar sem aðsóknin hefur verið frá ýmsum sviðum og efnið nýtist flestum sem sinna umönnunarstörfum.

Níu hjúkrunarfræðingar útskrifuðust úr nýrri diplómanámsleið í sýkingavörnum og smitsjúkdómahjúkrun þann 12. maí 2023 við hátíðlega athöfn í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands.

Fagráðsfundir eru mánaðarlegir, streymt á Teams og upptökur settar á nýstofnaða Workplace síðu fagráðsins. Ýmsar kynningar hafa verið á þessum fundum og var á haustmánuðum 2022 áhersla á

sérhæfð hæfniviðmið hjúkrunar. Þessi vinna er farin af stað á nokkrum lyflækningadeildum og verður haldið áfram með þá vinnu næsta vetur.

Stjórnarfundir eru hálf mánaðarlega og voru vinnufundir m.a. um starfsáætlun fagráðsins. Stjórnin hefur í samvinnu við prófessor Helgu Jónsdóttur átt gott samstarf við yfirmenn lyflækningasviðs varðandi framhaldsmenntun og sérfræðinga í hjúkrun á sviðinu þar sem óskað var eftir auknum stuðningi í þessum efnum. Gífurlega mikilvægt er að fjölga sérfræðingum í hjúkrun á sviðinu.

Í stjórn fagráðsins 2022-2023 eru Berglind G. Chu sérfræðingur í hjúkrun, formaður, Elín Karitas Bjarnadóttir aðstoðardeildarstjóri, Gerður Beta Jóhannsdóttir deildarstjóri, Guðrún Bragadóttir gæðastjóri, Íris Gísladóttir aðstoðardeildarstjóri, Magali Brigitte Mouy aðstoðardeildarstjóri, Sigríður Heimisdóttir sérfræðingur í hjúkrun og Sólveig Jóhanna Haraldsdóttir, aðstoðardeildarstjóri.



## Fagráð í öldrunarhjúkrun

Í fagráði í öldrunarhjúkrun sitja deildarstjórar, sérfræðingar í öldrunarhjúkrun, aðstoðardeildarstjórar og hjúkrunarfræðingar sem eru með meistaraþróf og starfa á öldrunardeildum Landspítala.

Fagráð í öldrunarhjúkrun fundar mánaðarlega yfir vetrarmánuðina og auk þessa fundar stjórn fagráðsins einnig mánaðarlega. Á fundum fagráðsins er farið yfir þau verkefni sem verið er að vinna hverju sinni, ýmsar kynningar eru fengnar inn á fundina og rætt er um ýmis málefni sem eru mikilvæg starfsemi deildanna og þróun öldrunarhjúkrunar. Málefni sem mikið hafa verið rædd er valdefling innan öldrunarhjúkrunar bæði sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga, hvernig við getum sjálf haft áhrif á starfsánægju og hvernig við getum laðað að starfsfólk og haldið því í starfi. Einnig stóð fagráðið ásamt Fagdeild í öldrunarhjúkrun og Öldrunarfræðafélagi Íslands að ráðstefnunni [Daður öldrunar undir yfirskriftinni "Margar hendur vinna létt verk / árangursrík samvinna innan öldrunarþjónustu"](#) sem haldin



var 23. mars 2023. Mikil ánægja var með ráðstefnuna sem 225 manns sóttur (180 manns í sal og 45 á Zoom) og var uppselt á ráðstefnuna.

Mikill tími í vetur hefur farið í að búa til rafrænt kennsluefni sem sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar geta notað til að kenna starfsfólki sem ráðið er í umönnun. Einnig var haldið námskeið og vinnusmiðja fyrir sjúkraliða sem eru að taka að sér slíka kennslu á öldrunardeildum Landspítala. Í vinnusmiðjunni var innihald námsefnisins kynnt auk þess sem sjúkraliðarnir unnu að því að yfirfara efnið, tímasetja tilheyrandi verklega kennslu samkvæmt Delphi-aðferð og taka þátt í samráði um ýmis úrlausnarefni vegna umönnunarnámskeiðsins. Einnig var fundað með deildarriturum sem einnig hafa hlutverk í umönnunarnámskeiðinu.

[Umönnunarnámskeið fyrir starfsmenn í umönnun](#) er opið á ytri vef Landspítala og er því aðgengilegt fyrir alla að nota s.s. aðrar heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarheimili. Þetta umönnunarnámskeið inniheldur kennsluefni til afnota fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem taka að sér að leiðbeina starfsmönnum í gegnum námskeiðið. Markmið þessa námskeiðs er að undirbúa starfsfólk fyrir starf við umönnun þar sem unnið er undir leiðsögn hjúkrunarfræðinga eða sjúkraliða. Í námskeiðinu fær starfsmaður innsýn í starfið ásamt fræðslu og þjálfun í ákveðnum þáttum sem eru mikilvægir þegar fólki er veitt umönnun. Námskeiðið byggir á upptökum af fyrirlesturum, umræðum við leiðbeinanda, verklegri sýnikennslu og því að framkvæma sjálfur verkið undir leiðsögn. Námskeiðinu er skipt niður í 7 hluta og því fylgir handbók. [Í handbókinni](#) er allar glærur sem eru sýndar í upptökunum, og hverjum hluta fylgja ákveðin atriði eða spurningar til umræðu eftir að horft er á upptökur auk verkefnalista sem á að framkvæma undir leiðsögn.

Stjórn fagráðsins heldur utan um fundi fagráðsins og helstu verkefni en í stjórninni eru: Dr. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í hjúkrun formaður, Hlíf Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Sigrún Bjartmarz sérfræðingur í hjúkrun, Sigurdís Ólafsdóttir, deildarstjóri og Sesselja Lind Magnúsdóttir, deildarstjóri.

## Fagráð geðhjúkrunar

Haldnir voru mánaðarlegir fræðslufundir á TEAMS þar sem haldnar voru kynningar á deildum innan geðþjónustunnar eða á áhugaverðum verkefnum. Eftirfarandi erindi voru haldin:

- Reynsluheimur kvenna í íslensku fangelsi. Arndís Vilhjálmsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur.
- Móttaka hjúkrunarfræðinema á 32C. Snæfríður Jóhannesdóttir aðstoðardeildarstjóri. Deildin fékk viðurkenningu fyrir [framúrskarandi námsumhverfi hjúkrunar- og sjúkraliðanema haustið 2022](#).
- Geðhjúkrun á hamfarasvæðum. Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur.
- Hermikennsla í geðhjúkrunarkennslu. Dr. Marrie Kaas.
- Einhverfa og heilbrigðisþjónusta. Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal, deildarstjóri.

Kaffihúsahtingur í samstarfi við Fagdeild geðhjúkrunarfræðinga. Fræðsla um HAM og EMDR í geðhjúkrun, fyrirlesari Helen Macdonald hjúkrunarfræðingur og sálfræðingur.

Geðvarpið hélt áfram en í því ræðir dr. Helga Sif Friðjónsdóttir við gesti:

- [Nínu Eck jafningja um jafningjastuðning.](#)
- [Dr. Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir og Manda Jónsdóttir deildarstjóri ræddu um geðhjúkrun.](#)
- [Hrönn Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur og Steinunn Ingvarsdóttir hjúkrunarfræðingur ræddu um geðhjúkrun.](#)
- [Arndís Vilhjálmssdóttir geðhjúkrunarfræðingur ræddi um geðhjúkrun.](#)

Stjórn fagráðsins skipa: Fanney Viktoría Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur, formaður, Sandra Sif Gunnarsdóttir deildarstjóri, Rannveig Þöll Þórsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Guðfinna Betty Hilmarsdóttir aðstoðardeildarstjóri, Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal deildarstjóri, Ragnheiður H. Eiríksdóttir aðstoðardeildarstjóri, Ína Rós Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur og dr. Jóhanna Bernharðsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs.

## Fagráð fjölskylduhjúkrunar

Fagráðsfundir eru haldnir mánaðarlega en stjórnarfundir milli fagráðsfunda. Í desember 2022 og í apríl 2023 voru haldnir sértækir fagráðsfundir þar sem rannsóknarniðurstöður á rannsóknum fagráðsmeðlima voru m.a. kynntar.

Fagráð í fjölskylduhjúkrun á Landspítala hefur unnið að því undanfarið að þróa sýn og stefnu fjölskylduhjúkrunar auk þess að þróa árangursvísa en fagráðið vinnur þvert á allar einingar Landspítala. Unnið hefur verið að gerð verkefnaáætlunar um það hvernig fagráðsmenn geti stutt við þróun fjölskylduhjúkrunar á Landspítala.

Nokkur meðferðarrannsóknarverkefni í fjölskylduhjúkrun eru í gangi á Landspítala s.s. innan barna-og kvennasviðs, langtímarannsókn varðandi lífsgæði krabbameinssjúklinga og fjölskyldna þeirra, mat hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðinemenda á hæfni og færni í fjölskylduhjúkrun auk þess sem viðhorf og hæfni og færni hjúkrunarfræðinga á Landspítala og innan Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins hafa verið könnuð.

Meðlimir fagráðsins eru leiðandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni varðandi aðlögun fjölskyldna barna-og unglunga að heilsufarsvanda barnanna. Þátttakendur koma frá Danmörku, Finnlandi, Spáni, Portúgal auk Íslands. Auk þess er meðlimur fagráðsins í nánun rannsóknarsamstarfi með evrópskum fjölskylduhjúkrunar rannsakendum frá Sviss, Spáni, Hollandi og Danmörku. Einnig hafa sérfræðingar í hjúkrun á kvenna-og barnasviði unnið að sértækum meðferðarrannsóknum í samráði við meðlimi fagráðsins t.d. varðandi stuðning foreldra við heilbrigðar svefnvenjur ungbarna auk meðferðarrannsóknar á stuðningi við foreldra barna með meltingarfæravanda. Sama er að segja varðandi rannsóknarverkefni sérfræðinga í hjúkrun á kvenna-og barnasviði varðandi langvarandi stuðningi við fjölskyldur barna og unglunga með sykursýki, krabbamein, flogaveiki og gigt.

Birtar hafa verið greinar í alþjóðleg vísindatímarit upp úr þeim rannsóknum sem fagráðsmenn hafa komið að.

Fagráðið hefur unnið að gerð rafræns kennsluefnis fyrir fjölskylduhjúkrun og hafa nokkrar deildar nú þegar tekið þau námskeið. Gert er ráð fyrir handleiðslu fyrir þátttakendur.

Fulltrúar fagráðsins komu að endurskoðun um reglur á heimsóknnum á Landspítala.

Í samstarfi við verkefnahóp um innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri hefur fagráðið þróað sameiginlegt veggspjald um inntak fjölskyldustuðnings á báðum sjúkrahúsum.

Fagráðið er nú að vinna að því setja fram bæði almenn og sértæk hæfniviðmið fyrir hjúkrunarfræðinga á Landspítala. Almennu hæfniviðmiðin eru tilbúin en stjórn fagráðsins mun óska eftir samtali við önnur fagráð um sértæku hæfniviðmiðin.

Í stjórn fagráðsins sitja dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir, formaður fagráðsins, dr. Anna Ólafía Sigurðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Guðríður Kristín Þórðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Henný Hraunfjörð, hjúkrunardeildarstjóri og Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun.

STARFSÁÆTLUN 2021

**Fagráð Fjölskylduhjúkrunar 2022-2023**

LANDSPÍTALI

		Staðan 2020	Markmið 2021
<div style="background-color: #004a7c; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; margin-bottom: 10px;">LYKILÁHERSLUR</div> <p><b>ÖRYGGISMENNING</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Velja nýjar hjúkrunargreiningar og meðferðir í ICNP</li> <li>• Auka hlutfall sjúklinga með skráð fjölskyldutré</li> <li>• Atvik tengd skorti á upplýsingum og samskiptum við fjölskyldur</li> <li>• Kvartanir frá fjölskyldu</li> <li>• Ákveða árangurs- og gæðavísa</li> </ul> <p><b>ÞJÓNUSTU</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjölskylduhjúkrun er gerð góð skil í stefnu spítalans</li> <li>• Deildir/einingar spítalans hafi stefnu í fjölskylduhjúkrun</li> <li>• Fjölskylda höfð með í undirbúningi útskriftar</li> <li>• Efla þekkingu og notkun á fjarfundarkerfinu cisco í samskiptum við fjölskyldur</li> </ul> <p><b>MANNAUÐUR</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hver klínísk eining hafi leiðtoga í hjúkrun sem styður við þróun fjölskylduhjúkrunar á einingunni</li> <li>• Aukin þekking hjúkrunarfræðinga á fjölskylduhjúkrun</li> <li>• Aukið öryggi hjúkrunarfræðinga í að veita stutt meðferðarsamtöl</li> </ul> <p><b>STÖÐUGAR UMBÆTUF</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurskoða gæðaskjöl: fjölskylduhjúkrun, skráning fjölskylduhjúkrunar</li> <li>• Gera ný gæðaskjöl - stutt meðferðarsamtal, myndsimtal</li> <li>• Áframhaldandi þróun á rafrænum námskeiðum í fjölskylduhjúkrun á vegum menntadeildar</li> </ul>	   	<div style="background-color: #004a7c; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; margin-bottom: 10px;">ÁRANGURSVÍSAR</div> <p><b>ÖRYGGISMENNING</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutfall sjúklinga á legudeildum með fjölskyldutré</li> <li>• Fjöldi atvika</li> <li>• Fjöldi kvartana</li> </ul> <p><b>ÞJÓNUSTU</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjölskylduhjúkrun er gerð góð skil í stefnu spítalans</li> <li>• Hlutfall klínískra deilda með skilgreint viðmið fyrir þjónustu við fjölskyldur</li> <li>• Upplýsingar til aðstandenda við útskrift fullnægjandi</li> <li>• Tímanlegar upplýsingar til fjölskyldu um útskriftardag sjúklings</li> <li>• Hlutfall deilda sem bjóða upp á cisco fjarfundi</li> </ul> <p><b>MANNAUÐUR</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutfall klínískra deilda með skilgreinda leiðtoga í hjúkrun fjölskyldunnar</li> <li>• Hlutfall hjúkrunarfræðinga í starfslýsingu B+ sem hafa lokið námskeiði í fjölskylduhjúkrun á vegum menntadeildar</li> </ul> <p><b>STÖÐUGAR UMBÆTUF</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjöldi útgefna gæðaskjala</li> <li>• Fjöldi útgefna gæðaskjala sem þarfnast endurskoðunar</li> </ul>	